



# ÁRSKÓGARSKÓLI DALVÍKURBYGGÐ

## Sjálfsmatsskýrsla



Árskógarskóli leik- og grunnskóli  
3. starfsár 2014-2015  
maí 2015

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Samantekt .....	5
Ágúst .....	5
Skólanámskrá/starfsáætlun .....	5
Foreldraviðtöl með barni á grunnskólastigi .....	5
Öryggisþættir .....	5
September .....	5
Samræmd könnunarpróf .....	5
Hljóm 2 .....	6
Lestur og lesskilningur, stærðfræði .....	6
Október .....	6
Skólapúlsinn .....	6
Foreldraviðtöl leikskólastigs .....	7
Nóvember .....	7
Leið til læsis .....	7
Matsmöppur .....	7
Desember .....	8
Þroskalisti leikskólastigs .....	8
Janúar .....	8
Starfsþróunarsamtöl .....	8
Námsmat á grunnskólastigi .....	9
Febrúar .....	9
Hljóm 2 .....	9
Mars .....	10
Matsmöppur og viðtöl á grunnskólastigi .....	10
Tove Krogh .....	10

## Sjálfsmatskýrsla Árskógarskóla 3. starfsár 2014-2015

Apríl .....	10
Þroskalistar leikskólastigs .....	10
Hljóðfærniþróf í 1. bekk.....	10
Skólapúlsinn .....	11
Foreldrakönnun fræðslusviðs .....	12
Starfsmannakönnun fræðslusviðs.....	13
Máí .....	13
Foreldraviðtöl leikskólastigs .....	13
Matsdagar grunnskólastigs, matsmöppur og vitnisburður .....	14
SVÓT greining .....	15
Lokaorð .....	16

## Inngangur

Þá er 3. starfsár Árskógarskóla, leik- og grunnskóla senn á enda. Fyrir hvert starfsár er matsáætlun endurgerð og matsþættir bætast við eða breytast í takt við þróun skólans. Vel hefur gengið að vinna eftir matsáætlun þeirri sem hér er gerð grein fyrir og hún veitir góðar upplýsingar um starfshætti skólans. Áætlunin er í sífelldri þróun og markmiðið alltaf að gera betur með því að skoða alla þætti skólastarfsins, meta þá og bæta það sem betur má fara en byggja á því sem vel er gert.

Samkvæmt *Lögum um leikskóla 90/2008 og grunnskóla 91/2008* er gert ráð fyrir bæði **innra og ytra mati** og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum s.s sveitarfélögum og/eða menntamálaráðuneyti.

### **Innra mat á árangri og gæðum**

Innra mat á að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróunar á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi skóla og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (*Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011*).

Stjórnendur og starfsfólk funda eins og þörf krefur til að meta niðurstöður innra mats og vinna í framhaldinu að tillögum til úrbóta fyrir einstaklinga og hópa eða benda öðrum á hvað má læra af góðum árangri skólans. Niðurstöður innra mats eru nýttar til jákvæðrar þróunar skólans og koma leiðir til úrbóta fram í úrbótaáætlunum eftir þörf eftir samráð starfsfólks og skóla- og foreldraráðs.

Skýrslan er unnin af stjórnendum í maí 2015.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri

Hjördís Jóna Bóasdóttir, deildarstjóri

## Samantekt

Í þessari sjálfsmatsskýrslu Árskógarskóla vegna 3. starfsárs er samantekt á helstu niðurstöðum eftir mánuðum og því mati sem þar var framkvæmt. Við lok 3. starfsárs voru 13 starfsmenn við störf í um 9 stöðugildum, 17 börn á leikskólastigi og 26 börn á grunnskólastigi í 1.-7. bekk. Skólinn er sífellt að þróast og mótast skref fyrir skref og áætlun um innra mat og sjálfsmatsskýrsla þessi er lykilþáttur í því mati sem segir til um næstu skref skólans. Áætlunin er í sífelldri þróun.

## Ágúst

### Skólanámskrá/starfsáætlun

Stjórnendur uppfærðu skólanámskrá/starfsáætlun og birtu á heimasíðu skólans. Helstu upplýsingar voru uppfærðar og starfsár nr. 3 gert virkt.

### Foreldraviðtöl með barni á grunnskólastigi

Foreldrar ásamt barni mættu í viðtal til umsjónarkennara þar sem farið var yfir ýmsar upplýsingar varðandi veturinn s.s. fyrirkomulag náms og kennslu, ýmsar skráningar gerðar og í sameiningu lagt mat á nám, kennslu og þarfir hvers og eins, rætt um ábyrgð og skyldur skólans, foreldra og nemenda.

## Öryggisþættir

Í upphafi skólaársins voru mætingalistar, slysaskýrslur, skoðunarlistar fyrir skólalóð og leiktæki yfirfarnir ásamt því að tryggja það að slökkvitæki, viðvörunarkerfi og ýmsar viðbragðsáætlanir hafi verið í lagi til þess að tryggja öryggi barna og starfsfólks.

## September

### Samræmd könnunarpróf

Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk fóru fram. Framkvæmdin gekk vel og niðurstöðurnar voru nýttar til þess að meta hvern og einn og staðsetja enn frekar í námi. Sérkennari greindi niðurstöðurnar og kom með tillögur að leiðum til að mæta þörfum hvers og eins.

Hér má sjá meðaleinkunnir Árskógarskóla samanbornar við meðaltöl kjördæmisins og landsins í heild.

4. bekkur

	Íslenska	Stærðfræði
Landið	5,8	6,2
Kjördæmið	5,9	6,1

Árskógar skóli	7,0	8,8
----------------	-----	-----

#### 7. bekkur

	Íslenska	Stærðfræði
Landið	5,9	6,6
Kjördæmið	5,7	6,0
Árskógar skóli	6,3	6,0

Þessar niðurstöður eru góðar, framfarir merktar hjá okkar nemendum. Eftirtektarvert er góður árangur nemenda í 4. bekk.

### Hljóm 2

Hljóm 2 er próf til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólastigs sem var framkvæmt í september. Athuginin byggir á hugmyndum um tengsl málþroska við síðari lestrarfærni og þátt þjálfunar hljóðkerfisvitundar í fyrirbyggjandi starfi. Markmið þessarar athugunar er að vera með snemmbæra íhlutun hjá þeim börnum sem eru stutt á veg komin hvað þessa þætti varðar. Þá er litið á það sem hlutverk skólans í vinnu með eldri börnum á leikskólaaldri að þjálfa markvisst hljóð- og málvitund. Niðurstöðurnar í ár voru fjölbreyttar, allt úr því að vera í slakri færni upp í fullt hús stiga. Þar sem niðurstöðurnar voru mjög fjölbreyttar var farið í að greina niðurstöðurnar sérstaklega og foreldri kallað í viðtal þar sem niðurstöðurnar voru undir meðalfærni og ákveðið hvernig best væri að vinna áfram með barnið. Hjá þeim sem var með fullt hús stiga var farið í meira samstarf við 1. bekk og hjá þeim sem komu út í meðallagi var farið í að efla þá þætti enn betur sem þurfti.

### Lestur og lesskilningur, stærðfræði

Allir nemendur í 1.-7. bekk fóru í stafa/lestrarkönnun/lesskilningur, allt eftir aldri og stöðu hvers og eins. Niðurstöður voru nýttar til að staðsetja hvern og einn í lestrarnáminu enn frekar og setja ný markmið. Heimalestrarbækur voru svo fundnar við hæfi hvers og eins.

Sérkennari lagði fyrir skimunarpróf í 1. bekk í talna- og aðgerðaskilningi. Niðurstöðum skilað til kennara sem vann skipulag stærðfræðikennslu út frá því.

### Október

#### Skólapúlsinn

Í **október og í apríl (endurtekin)** var lögð fyrir könnun fyrir alla nemendur í 6. og 7. bekk. Í þessari könnun er athuguð *Virkni nemenda í skólanum, Líðan og heilsa, Skóla- og bekkjarandi, Opin svör*. Niðurstöðurnar eru settar fram á ítarlegan hátt fyrir **október og apríl** og má finna á

[heimasíðu skólans hér](#). Nánari niðurstöður og samantekt er að finna undir **aprílmánuði** hér síðar í skýrslunni.

### Foreldraviðtöl leikskólastigs

Öllum foreldrum var boðið í viðtal í október. Þetta reyndist vel þegar við gerðum þetta fyrir ári síðan og var engin breyting á þessu í ár. Í þessu viðtali var farið yfir áhersluatriði kennarans fyrir barnið og foreldrar komu með óskir og væntingar. Allir foreldrar voru jákvæðir og starfsmenn settu niður vinnuplan fyrir börnin eftir þetta viðtal.

### Nóvember

#### Leið til læsis

Leið til læsis var lagt fyrir af kennara en það er stuðningskerfi í lestrarkennslu ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskóla. Skimunin var lögð fyrir og eftirfarandi færniþættir kannaðir:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðþekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund

Niðurstöður almennt gefa kennurum vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning. Niðurstöður skimunarprófsins eru tengdar kennsluleiðbeiningum sem gera kennurum kleift að bregðast við með ólíkum hætti eftir því hvernig styrk- og veikleikar nemenda birtast í hverjum þessara færniþátta. Upplýsingar um hvern nemanda eru trúnaðarmál en á heildina litið er ljóst að halda þarf stöðugt áfram að efla þarf lestrarfærni og lesskilning almennt. Mikilvægt að styrkja enn frekar lestrarkennslu í yngri bekkjum og þar er sóknarfæri til að styrkja enn betur færni nemenda í lestri og lesskilningi enda sá grunnur sem annað nám er byggt á. Næsta vetur hyggst skólinn setja sér lestrarstefnu, halda læsisþing og festa mat á lestri og læsi betur í sessi.

### Matsmöppur

Mappan er gjarnan nýtt sem samræðugrundvöllur og gagn til markmiðssetningar í viðtölum kennara við foreldra og nemendur annars vegar en í viðtölum kennara við nemendur eina hins vegar. Mappan á að vera stuðningur fyrir nám nemandans. Í hana fara verkefni sem nemandinn

hefur sjálfur átt þátt í að velja, jafnvel valið alveg sjálfur og rökstutt það val. Kennari velur einnig verkefni í möppuna og rökstyður sitt val þannig að það hafi hvetjandi og uppbyggjandi áhrif á nám nemandans. Matsmappa nemenda í 1.-7. bekk fór heim í fyrsta skipti þennan veturinn í nóvember. Nemendur og kennarar völdu verkefni í möppuna sem fóru heim til að sýna foreldrum og þeir áttu að kvitta fyrir. Markmiðið er einnig að tengja saman heimili og skóla og að nemendur segi foreldrum frá því sem þeir eru að gera í skólanum. Almennt gekk vel að nýta möppuna með þessi markmið í huga og ljóst að skólinn heldur áfram að þróa þessa leið. Sóknarfæri í möppunum eru helst að styrkja foreldra til þess að sjá möppurnar sem leið til að fylgjast með og styrkja nám barna sinna og gefa umsögn um það sem vel er gert.

## Desember

### **Proskalisti leikskólastigs**

Þroskalisti leikskólastigs var fylltur út en markmiðið með honum er að skoða þroskastöðu og hæfni og staðsetja börn samkvæmt viðmiðun. Fyrir þau börn sem voru ekki aldursamsvarandi (víkja frá meðal viðmiðunarfærni) í einhverjum þáttum var gerð áætlun um íhlutun og komið til móts við þau í hópastarfi.

## Janúar

### **Starfsþróunarsamtöl**

Viðtölin fóru þannig fram að starfsmaður fékk viðtalsramma viku fyrir viðtal og undirbjó sig og rýndi í sjálfan sig og sitt starf. Markmið samtalsins er að stjórnandi og starfsmaður setjist niður í góðu tómi og ræði um þau atriði sem mikilvæg eru fyrir frammistöðu þeirra beggja og vinnustaðarins. Skólastjóri hitti svo starfsfólk og fór yfir punktana og kom með sína á móti. Almennt taldi starfsfólk sér líða vel í vinnunni og það sæi fram á að vinna á staðnum áfram. Einn kennari hyggst hætta og fara á eftirlaun. Margar góðar og gagnlegar ábendingar komu fram um starfið og síðustu skref skólans og áframhaldandi vinnu á 3. starfsári, hvað væri gott og hvað mætti laga strax og enn fremur hvað þyrfti til til framtíðar til að móta góðan skóla. Hver og einn starfsmaður fór yfir kosti sína og galla, styrkleika, veikleika og möguleika til að þróast áfram í starfi og hvaða endurmenntun þyrfti helst til. Ljóst að slíkt samtal er mikilvægt og gagnlegt til að skoða starf hvers og eins og varpa ljósi á hvar skólinn stendur og hvert hann stefnir.



## Námsmat á grunnskólastigi

Í janúar fór fram námsmat, ýmis próf og kannanir. Í kjölfar þess mátu kennarar hvern nemanda samkvæmt eftirfarandi þáttum og sendu heim til upplýsinga, blaðið fór heim í byrjun febrúar:

### **Almennt mat og umsögn kennara skólans á frammistöðu nemanda**

<b>Þættir</b>	<b>(A) Til fyrirmyndar</b>	<b>(B) Góð framvinda</b>	<b>(C/D) Þarf að taka sig á/þarfnast verulegra úrbóta</b>
<b>Frumkvæði og sjálfstæði</b>	Hugmyndarík(ur). Sjálfstæð(ur) í vinnubrögðum.	Fær hugmyndir sem hann/hún reynir að koma í framkvæmd.	Þarf mikla leiðsögn og vinnur lítið án hennar.
<b>Vinnusemi</b>	Kemur sér fljótt að verki.  Nýtir tímann vel.	Heldur sig að verki eftir að vinna er hafin.	Það liggur lítið eftir hann/hana.
<b>Áhugi í námi</b>	Mikill áhugi.	Sýnir nokkurn áhuga.	Lítill sem enginn áhugi.
<b>Umgengni/reglur</b>	Umgengni til fyrirmyndar.  Fer eftir skólareglum.	Umgengni oftast ágæt og fer oftast eftir reglum.	Umgengni slæm og fer sjaldan eftir reglum.
<b>Fyrirmæli</b>	Hlustar og fer strax eftir fyrirmælum.	Fer þökkalega eftir fyrirmælum	Fylgir sjaldan eða aldrei fyrirmælum.
<b>Samvinna/samskipti</b>	Samvinnuþýð(ur).  Á í góðum félagslegum samskiptum og er hjálpleg(ur).	Sýnir samvinnuvilja og samskipti eru oftast góð.	Samvinna erfið.  Á í samskipta-erfiðleikum.

## Febrúar

### Hljóm 2

Einn nemandi tók prófið í febrúar og kom hann út í meðalfærni. Eftir það próf var einnig sest niður með foreldrum og ákveðið framhald. Áfram unnið með hvern nemanda þar sem hann var staddur.

## Mars

### **Matsmöppur og viðtöl á grunnskólastigi**

Í lok febrúar fóru matsmöppur heim öðru sinni. Nemendur söfnuðu verkefnum í möppuna undir handleiðslu kennara, fóru heim með möppuna þar sem foreldrar skoðuðu með sínu barni og gáfu umsögn. Í byrjun mars voru foreldra/nemendaviðtöl þar sem var farið yfir möppuna og mat það sem sent var heim í janúar. Viðtölin gengu vel og voru upplýsandi og gagnleg. Það er alltaf markmið okkar að slík viðtöl séu skilvirk og uppbyggjandi fyrir barnið og þannig sett upp að um samtal sé að ræða. Þess vegna höfum við lagt áherslu á að matsmöppur komi aftur í skólann í viðtölum og þær m.a. nýttar sem viðtalsrammi.

### **Tove Krogh**

Teiknipróf Tove Krogh er hóppróf sem lagt er fyrir nemendur í 1. bekk Árskógarskóla. Umsjónarkennari og iðjubjálfi hafa umsjón með fyrirlögn. Niðurstöður prófsins gefa okkur stöðu nemenda í tengslum við hugtakaskilning, talnagildi, formskyn, fínhreyfingar, blýantsgrip, hlustun - að fara eftir einföldum og síðar nokkuð flóknum fyrirmælum. Enn fremur er horft á einbeitingu og úthald við prófun. Nemendur komu heilt yfir vel út úr prófinu.

## Apríl

### **Proskalistar leikskólastigs**

Þroskalistar sérstaklega skoðaðir út frá framförum og stöðu barnsins frá síðustu skráningu. Staðan metin og skráð fyrir væntanleg foreldraviðtöl.

### **Hljóðfærnipróf í 1. bekk**

**Hljóðfærni** er greiningarpróf sem ætlað er nemendum í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lesblindu. Um er að ræða einstaklingspróf sem hefur það að markmiði að greina nánar hljóðkerfisvanda nemenda og bera saman við jafnaldra. Prófið er ítarlegt og tekur á mörgum þáttum hljóðkerfis-vitundar, þar á meðal eru mörg verkefni sem greina hljóðavitund. Við uppbyggingu á Hljóðfærni var leitast við að hanna próf sem væri í senn þægilegt í fyrirlögn og höfðaði til barna á umræddum aldri. Einnig var lögð áhersla á að auðvelt væri að skipuleggja íhlutun í framhaldi af niðurstöðu greiningar. Byggt er á hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og kennurum leiðbeint sérstaklega með hvernig hægt er að taka á vanda þeirra barna sem eru með veikleika í hljóðkerfisvitund.

Sérkennari lagði prófið fyrir fjóra nemendur, skilaði niðurstöðum til kennara og foreldra. Niðurstöður sem gefa til kynna einhvern mögulegan vanda eru greindar nánar og unnið samkvæmt íhlutunaráætlun sérkennara og uppbyggingu á verkefninu „Byrgjum brunninn“.

### Skólapúlsinn

Í **október og í apríl (endurtekin)** var lögð fyrir könnun fyrir alla nemendur í 6. og 7. bekk. Í þessari könnun er athuguð *Virgni nemenda í skólanum, Líðan og heilsa, Skóla- og bekkjarandi, Opin svör*. Niðurstöðurnar eru settar fram á ítarlegan hátt fyrir **október og apríl** og má finna á [heimasíðu skólans hér](#).

Niðurstöður eru birtar fyrir hvern þátt með töflum, myndum og línuritum þar sem má sjá breytingu á meðaltali skólans innan skólaársins og miðað við landið í heild. Sem dæmi um niðurstöður:

- Ánægja af lestri hefur aukist innan skólaársins í Árskógar skóla á meðan þessi þáttur hefur dalað á landsvísu.
- Þrautsegja í námi hefur dalað innan ársins bæði í skólanum sem og á landsvísu.
- Áhugi á stærðfræði hefur dalað lítillega á landsvísu en töluvert í skólanum.
- Trú á eigin vinnubrögðum í námi hefur aukist töluvert í skólanum en dalað á landsvísu en trú á eigin námsgetu hefur dalað innan skólaársins í skólanum en aukist á landsvísu.
- Stjórn á eigin lífi hefur staðið í stað innan skólans sem og á landsvísu en skólinn er þó undir landsmeðaltali.
- Vellíðan hefur aukist töluvert innan skólans á skólaárinu en staðið í stað á landsvísu. Skólinn er vel yfir meðaltali.
- Einelti mælist ekki
- Skólinn er vel yfir meðaltali þegar er spurt um hreyfingu og vellíðan þegar nemendur reyna á sig líkamlega, þ.e. líður vel að hreyfa sig.
- Mataræði nemenda skólans er jákvæðara en á landsvísu, þ.e. þeir borða meira af grænmeti og ávöxtum og minna af sætindum.
- Samsömun við nemendahópinn hefur lítillega dalað bæði í skólanum sem og á landsvísu. Enginn er þó einmana eða líður illa og er skilinn útundan.
- Samband nemenda við kennara er mjög gott í skólanum og hefur aukist og er einnig töluvert yfir meðaltali á landsvísu.

- Agi í tímum í skólanum er töluvert mikið hærra en á landsvísu og hefur einnig aukist innan skólaársins í skólanum.
- Virk þátttaka nemenda í tímum hefur aukist töluvert í skólanum innan skólaársins en dalað á landsvísu.
- Í opnum svörum eru nemendur beðnir að svara hvað sé sérstaklega gott við skólann sinn og hvað slæmt. Nemendur nefndu að gott væri t.d. kennarar, fáir krakkar, lítið heimanám, allir vinir, engin stríðni, skemmtilegir íslenskutímar, gaman í íþróttum, gaman í frímínútum ofl. Slæmt var nánast ekkert í apríl en einn nefndi stríðni og virðingarleysi í október.

Sem sagt, fullt af áhugaverður niðurstöðum sem almennt hjálpa skólanum við mat og úrbætur og mikilvægt að rýna þær gaumgæfilega. Þarna eru jákvæðir og neikvæðir punktar en langflestir jákvæðir hvað varðar skólastarfið. Einhverjir nemendur eru óöruggir og með lítið álit á sjálfum sér og sífellt er unnið með það í skólanum og foreldrum bent á ef svo er. Nú eftir 3. starfsár er að komast ákveðið form á flesta hluti og kjölfesta að myndast sem gefur okkur tækifæri til að skoða slíkar niðurstöður í samanburði við fyrri ár og bera saman. Það er þó alveg spurning sem við veltum fyrir okkur hvort skólinn ætti að taka þátt í þessari könnun þar sem fámennur hópur nemenda í 6.-7. bekk verður á næstu árum og könnunin er kostnaðarsöm. Það er ljóst að t.d. næsta vetur á 4. starfsári verða aðeins 6 nemendur í 6.-7. bekk og enn færri árið þar á eftir ef fram heldur sem horfir.

### Foreldrakönnun fræðsluviðs

Foreldrakönnun fræðsluviðs var framkvæmd og niðurstöður fyrir Árskógarskóla voru afar jákvæðar og svörun nær 100%. Þær er að finna á [heimasíðu skólans](#).

Sem dæmi um góða niðurstöðu er að þegar spurt er:

- Q1 hvort barninu líði vel í skólanum? Þá svara **37 jákvætt** en aðeins **1 segist frekar ósammála**.
- Q2 þá er spurt hvort foreldrar séu ánægðir með skólann? **38 er sammála eða frekar sammála** og aftur er það **1 sem er ósammála**.
- Q3 þá er spurt hvort foreldrar upplifi sig velkomna í skólann? **39 eða allir sem svara er sammála eða frekar sammála**.

- Allar hinar 20 spurningarar eru á þennan veg, þ.e. þegar spurt er um samskipti nemenda, um kennara, stjórnendur og annað starfsfólk, um nám og kennslu, um upplýsingar og fleira sem könnunin nær til. Í öllum tilfellum ríkir mikil jákvæðni og ánægja með skólann, starfsfólkið og starfið almennt og því ber að fagna nú við lok 3. starfsárs og full ástæða til að byggja á þessum niðurstöðum og halda áfram þessu góða starfi.

**Ekki er talin þörf á sérstakri umbótaáætlun þar sem niðurstöður er mjög góðar og jákvæðar eins og dæmin sýna.**

### Starfsmannakönnun fræðsluviðs

Starfsmannhópurinn á 3. starfsári er traustur hópur af vel menntuðu og reynslumiklu fólki sem hefur mikinn metnað fyrir sinni vinnu. Verkefni eru fjölbreytt og það að vera með tvö skólastig undir gefur tækifæri til mikillar ígrundunar starfsfólks þvert á skólastig. Könnunin kemur vel út og fólk er nú viljugra að svara en í fyrra þar sem mátti merkja ósætti vegna mögulegs rekjanleika og því vildu sumir ekki svara. Ítarlegar niðurstöður eru á [heimasíðu](#).

- Q1 þar sem er spurt um líðan í vinnunni? **Allir nema einn svara jákvætt** þar sem þessi eini er frekar ósammála.
- Q2 en þá er spurt um hvort starfsmaður sé stoltur af stofnuninni sinni? **Allir svörðuð því jákvætt.**
- Q3 um jákvæðni í starfsmannahópnum? **Allir nema einn svara því játandi.**
- Q4 um álag segja allir að það sé hæfilegt.
- Aðrar niðurstöður eru á sama veg, þ.e. jákvæðar en nokkrum sinnum er einhver einn sem virðist ekki alveg nógu ánægður í sínu starfi. Allir hinir sem svörðuðu eru sáttir og jákvæðir og á heildina litið kemur könnunin mjög vel út og áfram hægt að byggja á jákvæðu starfi þessa góða hóps starfsmanna.

### Maí

#### Foreldraviðtöl leikskólastigs

Allir foreldrar boðaðir í viðtal sem hópstjóri tók. Viðtölin voru skrifuð með stuðningi af **proskalistum** sem fylltir voru út yfir árið og almennt um stöðu barnsins.

Viðtölin kom afar vel út, foreldrar eru ánægðir með það starf sem kennarar eru að vinna og telja börnin sín á góðum stað þar sem leikur, nám og þroski er til fyrirmyndar sem og allur aðbúnaður barna innanhúss sem utan.

### Matsdagar grunnskólastigs, matsmöppur og vitnisburður

Nemendur unnu ýmsar kannanir, völdu verkefni í matsmöppuna sem fór heim í þriðja sinn í lok maí. Nemendur völdu svo verkefni úr matsmöppunni og færðu yfir í ferilmöppu sem er stór mappa sem fylgir þeim allan tímann í Árskógarskóla. Vitnisburður var settur inn í Námfús samkvæmt nýju námsmatskerfi aðalnámskrár, hann prentaður út og afhentur á skólaslitum 5. júní. Vitnisburður er samandregið mat kennara og samantekt á vinnu nemenda í vetur. Fylgiskjal með vitnisburði fór með til útskýringar en það má skoða hér að neðan enda mikilvægt að glöggva sig á undirstöðum þess lokamats sem skólinn gefur út:

### Vitnisburður nemenda vorið 2015 - fylgiskjal

Á vitnisburðarblaði er að finna mat á starfi og frammistöðu nemandans yfir skólaárið. Það mat byggist m.a. á:

- Hæfni nemanda, leikni og skilningi innan hvers námssviðs eða námsgreinar m.t.t. settra markmiða (kannanir, próf ofl.).
- Gögnum sem safnað er yfir skólaárið og er m.a. að finna í matsmöppum nemenda.
- Vinnusemi og dugnaði; Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Sköpun og frumkvæði; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.
- Ábyrgð og mat; Hæfni nemanda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.
- Tjáning; Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Almennri umsögn kennara eftir því sem við á.

Í nýrri aðalnámskrá er kynntur til sögunnar nýr matskvarði sem skólum ber að nota en hver með sinni útfærslu þó. Taflan að neðan skýrir hvað er á bakvið hvern bókstaf til viðmiðunar. Hæfni nemenda í hverri námsgrein/námssviði er metin með tilliti til settra markmiða með hliðsjón af eftirfarandi kvarða, samanber ákvæði nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.

Kvarði	Námssvið	Framvinda náms
<b>A</b>	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Til fyrirmyndar
<b>B</b>	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Góð framvinda

<b>C</b>	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Þarf að taka sig á
<b>D</b>	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Þarfnast verulegra úrbóta

### SVÓT greining

**SVÓT greining** þar sem starfsfólk greindi starfsemi skólans; styrkleika, veikleika, ógnanir, tækifæri og kom með umbótatillögur. Helstu niðurstöður eru þessar:

<p><b><u>Styrkleikar</u></b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Góður vinnustaður (fullt af tækifærum)</li> <li>• Heldur vel á starfsfólki</li> <li>• Gaman í vinnunni</li> <li>• Góð samvinna allra</li> <li>• Góður starfsandi</li> <li>• Vinna þvert á skólastig</li> <li>• Faglegt starf</li> <li>• Fáir nemendur og hægt að mæta hverjum og einum betur á sínum stað</li> <li>• Samnýting starfsfólks fyrir bæði skólastig</li> <li>• Stuttar boðleiðir</li> <li>• Gott upplýsingaflæði</li> </ul>	<p><b><u>Veikleikar</u></b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fámennur skóli og samkennsla stundum of mikil í sumum fögum</li> <li>• Vantar í einhverjum tilfellum meiri aga á nemendahópa, samrýma betur skýr mörk</li> </ul>
<p><b><u>Ógnanir</u></b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fækkun íbúa og barna sem leiðir af sér ööryggi</li> <li>• Skóla lokað vegna fækkunar barna</li> </ul>	<p><b><u>Tækifæri</u></b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Leggja meiri áherslu á útikennslu og auglýsa skólann sem valkost í sveitarfélaginu</li> <li>• Breyta fyrirkomulagi samkennslunnar með meiri samvinnu kennara</li> <li>• Nýta meira og betur þau svæði sem við höfum s.s. smíða- og textílstofu</li> <li>• Nýta náttúruna enn betur í kennslu</li> </ul>
<p><b><u>Umbótatillögur</u></b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Auglýsa skólann enn betur</li> <li>• Kennarar sem borða með nemendum á grunnskólastigi borði frítt</li> <li>• Innleiða leiðir til að kenna börnum að bera meiri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og byggja upp enn betri samskipti</li> </ul>	

## Lokaorð

Eftir 3. starfsár er ljóst að mat á skólastarfinu hefur verið nokkuð fjölbreytt og náð til flestra þeirra þátta sem er að finna í [stefnuskjali skólans](#) þ.e. **skólasamfélag, innra starf, mannauður, fjármál**. Það mat sem hefur verið framkvæmt hefur almennt gengið vel og niðurstöður hvað skólann varðar (umgjörð, upplýsingar, nám og kennsla, samskipti ofl.) eru mjög jákvæðar jafnframt sem margar góðar tillögur liggja fyrir. Náms- og þroskamát skólans er í þróun en er nú þegar nokkuð viðamikil og upplýsandi en þar eru þó mikil sóknarfæri t.d. í mati á lestri og læsi auk skimunar og mats í stærðfræði. Á 3. starfsári hefur matið verið endurbætt og á 4. starfsári munum við auðvitað gera enn betur og markmiðið er að matið endurspegli starf skólans hverju sinni.

Þegar allt er tekið saman er óhætt að segja að mat á skólastarfi, innra mat, er virkt og gefur góðar upplýsingar, matsáætlun var fylgt þó einhverjir þættir hafi færst til milli mánaða. Áætlunin er nú endurbætt og bætt við matsþáttum fyrir 4. starfsár skólans. Niðurstöður mats á skólastarfinu gefa skólanum byr undir báða vængi og gefa til kynna að halda skuli áfram með það sem vel hefur gengið og gera enn betur en jafnframt eru tækifæri til að laga það sem síður gekk. Allar upplýsingar sem fengust og settar eru fram í þessari skýrslu eru og verða nýttar til skólaþróunar og uppbyggingar lærdómssamfélags þar sem allir eiga sinn stað og hafa sitt að segja. Árskógar skóli býr yfir öflugum starfsfólki, sterkum foreldra- og velunnarahópi og auðvitað eru hér frábærir nemendur á ýmsum aldri sem njóta sín yfirleitt alltaf í leik og námi. Það eru mörg tækifæri framundan og ástæða til að ætla að 4. starfsár skólans verði enn faglegra og uppbyggilegra fyrir skólasamfélagið í heild.

Sóknarfærin eru helst þau að styrkja enn frekar matsáætlun skólans hvað varðar lestur og læsi auk stærðfræðimats, tryggja markvisst samtal við nemendur og foreldra jafnt og þétt yfir veturinn um nám og kennslu. Það eru sóknarfæri falin í því að hver og einn nemandi setji sér skýrari markmið fyrir hvern vetur bæði námslega og félagslega og þau markmið verði metin reglulega t.d. í tengslum við matsmöppurnar.

**Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson**  
skólastjóri Árskógar skóla